

HEYRÚLLUPLAST

FLOKKUN TIL ENDURVINNSLU

FLOKKUN Á HEYRÚLLUPLASTI

Íslenska gámafélagið er viðurkenndur þjónustuaðili Úrvinnslusjóðs fyrir söfnun á heyrúlluplasti til endurvinnslu

Heyrúlluplast er verðmætt hráefni sem hægt er að endurvinna. Úrvinnslusjóður leggur úrvinnslugjald á heyrúlluplast, sem fæst endurgreitt þegar því er skilað til endurvinnslu. Úrvinnslugjaldið gerir það að verkum að hagkvæmt er að koma plastinu í endurvinnslu og þannig er komið í veg fyrir urðun á því. Það plast sem Íslenska gámafélagið safnar er sent til endurvinnslu.

Mikilvægt er að plastið sé hreint og laust við hey, net, bönd og aðra aðskotahluti þegar því er safnað því óhreint plast hentar ekki til endurvinnslu og endar því með almennu sorpi í urðun.

Meðfylgjandi eru leiðbeiningar um hvernig best sé að ganga frá heyrúlluplastinu á einfaldan hátt.



LITAFLOKKUN

Móttökuaðilar fyrir heyrúlluplast gera kröfur um ákveðna flokkun á plastinu til þess að það nýtist sem best í endurvinnslu. Því þarf nú að flokka heyrúlluplast eftir litum og þannig er tryggt að heyrúlluplast nýtist sem best í endurvinnslu og stuðli þannig að betri nýtingu auðlinda og minni umhverfisáhrifum.

Góður frágangur og hreinleiki eru forsendur þess að hægt sé að endurvinna plastið

GÓÐ RÁÐ VIÐ FRÁGANG Á PLASTINU

- Hrista hey og annað lauslegt úr plastinu.
- Taka frá net og baggabönd og setja með blönduðum úrgangi.
- Hafa plastið hreint til að hægt sé að endurvinna það. Ef plastið er blautt og skítugt er æskilegt að þurrka plastið í 1-2 daga og hrista það síðan til að losa aðskotaefni af plastinu.
- Þjappa plastinu í sama lit í viðráðanlegar einingar.
- Geyma heyrúlluplastið á aðgengilegum stað fyrir starfsfólk ÍGF þegar það er sótt. Mikilvægt að velja stað þar sem plastið helst hreint og þurrt.



1. Leggja plastið niður.



2. Setja plast inn í plast.



3. Brjóta plastið saman.



4. Rúlla plastinu upp.



5. Binda saman.



6. Ganga frá plastinu.

Net, bönd eða önnur óhreinindi þarf að flokka frá og skila með blönduðum úrgangi

ENDURVINNSLA Á HEYRÚLLUPLASTI

Eftir að heyrúlluplastið hefur verið sótt til bænda, er það flutt á móttökustöð ÍGF þar sem það er pressað í bagga og flutt til endurvinnslu. Afurð endurvinnslunnar eru litlar plastkúlur sem nýttar eru sem hráefni til framleiðslu á nýjum plastvörum.

Endurvinnsla á plasti kemur í veg fyrir sóun á náttúruauðlindum eins og olíu, en í framleiðslu á einu tonni af plasti þarf u.þ.b. tvö tonn af olíu. Þá krefst endurvinnsla á plasti einnig minni orku en frumvinnsla þess. Með því að endurvinna heyrúlluplastið er enn fremur komið í veg fyrir að plastið sé urðað eða sleppi út í náttúruna. Niðurbrot plastics tekur hundruði ára og safnast á endanum upp í umhverfinu sem örplast. Það er því allra hagur að frágangur á plastinu sé góður svo hægt sé að nýta það sem endurvinnsluhráefni.



Áburðarsekkir

Íslenska gámafélagið getur einnig tekið við áburðarpokum í sömu ferð og heyrúlluplastið er sótt. Fylla þarf einn áburðarsekk með hreinum áburðarsekkjum og loka fyrir. Þannig er auðveldast að aðskilja þá frá plastinu.

Frekari upplýsingar veitir starfsfólk umhverfissviðs Íslenska gámafélagsins á umhverfissvid@igf.is eða í síma 577-5757.